



## Fundargerð

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fundaði fimmtudaginn 13. nóvember 2014.  
Fundur hefst kl. 13:00 í Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri.  
Þetta er 377. fundur sveitarstjórnar, 12. fundur ársins 2014.  
Fundargerð er tölvuskrað af sveitarstjóra og er 4 blaðsíður.

Eva Björk Harðardóttir oddviti, býður fundarmenn velkomna.

Mættir undirritaðir sveitarstjórnarmenn ásamt Eygló Kristjánsdóttur sveitarstjóra.

Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Oddviti óskar eftir breytingu á dagskrá að við málefnskrá bætist:

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu:

6. Erindi frá fjallskiladeild Landbrots- og miðafréttar dags. 11.11.2014.

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta fundi.

Sveitarstjóri og oddviti sátu í starfshópi á vegum umhverfisráðherra sem hafði það verkefni að leita leiða til að koma upp húsnæði fyrir Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri. Starfshópurinn hefur skilað greinargerð til ráðherra þar sem fram kemur að hópurinn hafi rýnt fyrirbyggjandi gögn um verkefnið og er sammála um að rétt væri að kanna möguleika á fleiri útfærslum. Að mati hópsins kæmi vel til greina að fá einkaaðila til verksins.

## Dagskrá

### I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. Samþykkt um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps, fyrri umræða.  
Fyrir fundinum liggja endurskoðuð drög að Samþykkt um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps.  
*Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög með ábendingum um breytingar og vísar Samþykktum til seinni umræðu.*
2. Samþykkt um hunda- og kattahald í Skaftárhreppi, seinni umræða.  
Fyrir fundinum liggja drög að Samþykkt um hunda- og kattahald í Skaftárhreppi.  
Samþykktin var til fyrri umræðu á 376. fundi sveitarstjórnar, 16. október 2014.  
*Sveitarstjórn staðfestir Samþykktina og felur sveitarstjóra að senda hana til samþykktar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisráðuneytis. Einnig er sveitarstjóra falið að útbúa gjaldskrá byggða á Samþykktinni.*
3. Beiðni um fjárstyrk, erindi frá Klúbbnum Stróki dags. 17. október 2014.  
*Sveitarstjórn getur ekki orðið við erindinu að svo stöddu.*



## Skaftárhreppur

---

4. Beiðni um framlag á móti leigu, frá Rekstrarnefnd Klausturhóla, dags. 24. október 2014. Óskað er eftir styrk á móti húsaleigu vegna Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla að fjárhæð 5.051.000 kr. vegna rekstrarársins 2014. Einnig óskar Rekstrarnefnd eftir því að við fjárhagsáætlunargerð Skaftárhrepps 2015 verði gert ráð fyrir fjárstyrk til Klausturhóla sem samsvari húsaleigu þess árs.

*Gert er ráð fyrir framlagi til Klausturhóla í fjárhagsáætlun 2014 kr. 5.051.000.*

*Sveitarstjórn samþykkir að veita Klausturhólum styrk á móti húsaleigu rekstrarársins 2014. Framlagi vegna 2015 er vísað til fjárhagsáætlunargerðar.*

5. Álagning gjalda, gjaldskrár 2015.

*Útsvarshlutfall verði óbreytt 2015 14,52%*

### *Álagning fasteignagjalda*

*Fasteignagjöld skv. a- lið, íbúðir og útihús, 0,625%*

*Fasteignagjöld skv. b- lið, atvinnuhúsnæði, 1,32%*

*Fasteignagjöld skv. c- lið, opinbert húsnæði, 1,65%*

### *Gjaldskrá fráveitu*

*Fráveitugjald verði 0,25% af fasteignamati húss og lóðar á Kirkjubæjarklaustri.*

### *Gjaldskrá sorphirðu- og sorpeyðingargjalda.*

*Íbúðir: sorphirðugjald kr. 14.000 og sorpeyðingargjald pr. sorphlát kr. 5000*

*Frístundahús: sorpeyðingargjald kr. 5000 og sorphirðugjald kr. 4.200 (þar sem það á við).*

*Fyrirtæki/atvinnurekstur: sorphirðugjald kr. 27.000, sorpeyðingargjald kr. 1.250kr./m<sup>3</sup>*

### *Fráveitu- og sorpgjöld verði innheimt með fasteignagjöldum.*

*Gjalddagar fasteignagjalda verði 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí og 1. ágúst.*

*Eindagi verði 30 dögum eftir gjalddaga.*

*Gjalddagi er einn ef gjald er lægra en 15.000 kr.*

*Gjalddagar eru tveir ef gjald er lægra en 40.000 kr.*

### *Reglur um afslátt af fasteigna- og fráveitugjöldum til elli- og örorkulífeyrisþega.*

*Reglurnar verði uppfærðar miðað við launavísitölu.*

6. Erindi frá fjallskiladeild Landbrots- og miðafréttar dags. 11.11.2014.

Fjallskiladeildin minnir á ýmis aðkallandi verkefni sem fara þarf í.

*Sveitarstjóra falið að svara erindinu, að öðru leiti er því vísað til fjárhagsáætlunargerðar.*

## **II. Fundargerðir til samþykktar.**

1. 100. fundur Rekstrarnefndar Klausturhóla, 16.10.2014.

*Fundargerðin samþykkt.*

2. 106. fundur Skipulags- og byggingarnefndar, 11.11.2014.

Skipulagsmál:

2. Syðri – Steinsmýri 1 – stofnun lóðar/landskipti.



Magnea V. Svavarsdóttir fh. Fjármála- og efnahagsráðuneytis sækir um umsögn/samþykki sveitarstjórnar Skaftárhrepps vegna landskipta úr jörð Syðri-Steinsmýri landnr. 163459 skv. meðfylgjandi gögnum.

Afgreiðsla nefndarinnar:

Nefndin telur að meðfylgjandi gögn séu ekki fullnægjandi og gerir þar af leiðandi eftirfarandi athugasemdir vegna viðkomandi landskipta:

\* Nefndin telur nauðsynlegt að samþykki eigenda aðliggjandi jarða liggi fyrir, þar sem landamerki eru tiltekin á uppdrætti landskipta.

\* Ekki er tiltekið í umsókn hvernig hlunnindi skiptast á milli upprunlands og þess lands sem stofna á úr upprunalandi 163459. Í tengslum við þessi landskipti vísar nefndin í aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022 þar sem segir í kafla 2.1.

„Stöðu landbúnaðar sem atvinnugreinar þarf að styrkja og leita leiða til uppbyggingar ýmissa stoðgreina hans þ.a.m. með þróun hefðbundinna búgreina í sátt við umhverfið auk þess sem hliðargreinar verði eflar...“

Telur nefndin að svipting hlunninda af upprunalandi skerði verulega nytjarétt lóðahafa m.t.t nýtingu þeirra og takmarki hugsanlega nýtingu ábúenda ef horft er til hliðargreina s.s. ferðapjónustu.

Að öðru leyti gerir nefndin ekki athugasemdir við landskipti þessi og vísar málinu til afgreiðslu sveitarstjórnar.

*Sveitarstjórn tekur undir athugasemdir skipulags- og byggingarnefndar varðandi fyrirhuguð landskipti út úr jörðinni Syðri-Steinsmýri 1 og bendir jafnframt á að samkvæmt Aðalskipulagi Skaftárhrepps er gert ráð fyrir að landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum með eðlilegum þróunarmöguleikum annarra atvinnugreina. Vill sveitarstjórn einnig minna á bréf frá Skaftárhreppi til Fjármála- og efnahagsráðuneytis, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Umhverfis- og auðlindaráðuneytis, dagsett 3. mars 2014 þar sem sveitarstjórn Skaftárhrepps hvetur ríkisvaldið eindregið til þess, að þeim ríkisjörðum sem kunna að losna, verði ráðstafað til áframhaldandi heilsársbúsetu, með það að markmiði að styrkja og efla þá byggð sem fyrir er. Sveitarstjórn telur að með því að skipta jörðinni Syðri – Steinsmýri á þann hátt sem hér er sótt um geti það rýrt möguleika ábúenda til atvinnusköpunar á jörðinni og sé ekki til þess fallið að styrkja og efla þá byggð sem fyrir er.*

*Sveitarstjórn samþykkir ekki þessi landskipti úr jörð Syðri-Steinsmýri landnr. 163459 skv. meðfylgjandi gögnum.*

### 3. Suðrhálendi Svæðisskipulag.

Skipulags –og byggingarnefnd beinir því til sveitarstjórnar að vinna að gerð svæðisskipulags fyrir Suðrhálendið skv. 21. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fari til framkvæmdar með tilliti til Rammaskipulags suðrhálendisins. Svæðaskipulagið verði unnið í samstarfi við Rangárþing eystra og Rangárþing Ytra.

Nefndin leggur til að fulltrúi verði tilnefndur í svæðisskipulagsnefnd í samræmi við 9.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auk þess sem fulltrúi skipulags –og byggingarmála vinni með nefndinni.

*Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt. Eygló Kristjánsdóttur falið að sitja í svæðisskipulagsnefndinni ásamt Vigfúsi Hróbjartssyni fyrir hönd Skaftárhrepps.*

### 4. Hörðubreiðarháls – Stofnun lóðar

Neyðarlínan kt. 511095-2559 sækir um leyfi fyrir stofnun lóðar að Hörðubreiðarhálsi samkv. meðfylgjandi lóðarblaði.

*Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.*

*Fundargerðin í heild samþykkt.*



3. 1. fundur Jafnréttisnefndar, 22.10.2014.  
*Fundargerðin samþykkt.*

### III. Fundargerðir til kynningar.

1. 19. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og V.-Skaftafellssýslu, 20.10.2014.  
*Kynnt.*
2. 10. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og V.-Skaftafellssýslu, 7.10.2014.  
*Kynnt.*
3. 11. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og V.-Skaftafellssýslu, 29.10.2014.  
*Kynnt.*
4. 9. fundur stjórnar þjónustusvæðis um málefni fatlaðs fólks á Suðurlandi, 15.10.2014.  
*Kynnt.*
5. Fundargerð Haustfundar þjónustusvæðis um málefni fatlaðs fólks á Suðurlandi, 22.10.2014.  
*Kynnt.*
6. Fundargerð stjórnar Skógasafns, 23.10.2014.  
*Kynnt.*
7. Fundargerð aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, 10.10.2014.  
*Kynnt.*
8. 821. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 31.10.2014.  
*Kynnt.*

### IV. Annað kynningarefni.

1. Kynningarbréf Leiða verkfræðistofu, ódagsett. *Kynnt.*
2. Tilkynning um niðurfellingu Nýjabæjarveggar (nr. 2074) af vegaskrá, frá Vegagerðinni, dagsett 25.september 2014. *Kynnt.*

### V. Samþykkt fundargerðar / Fundarslit

Fundargerð lesin upp, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl. 15:35.  
Næsti fundur boðaður með dagskrá fimmtudaginn 11. desember 2014 kl. 13:00.

---

Eva Björk Harðardóttir.

---

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir.

---

Guðmundur Ingi Ingason.

---

Jóhannes Gissurarson.

---

Bjarki V. Guðnason.